

## Afmælishátíð Guðbjargar í Múlakoti - Setningarávarp formanns Vinafélagsins

*Hér birtist setningarávarp Björns Bjarnasonar, formanns Vinafélags gamla bæjarins í Múlakoti, þegar þess var minnst sunnudaginn 26. júlí 2020 að 150 voru liðin frá fæðingu Guðbjargar Þorleifsdóttur, húsfreyju í Múlakoti, garðyrkjufrömuðar og vefnaðarkonu. Það var milt veður og logn. Um morguninn rigndi mikið en ekkert á meðan athöfnin fór fram í garðinum. Talið er að um 200 manns hafi lagt leið sína í Múlakot til þátttöku í athöfninni. Björn setti innan hornklofa nokkur orð um framvindu athafnarinnar sem stóð í 40 mínútur.*



Í nafni stjórnar Vinafélags gamla bæjarins í Múlakoti býð ég ykkur velkomin til þessarar athafnar.

Þegar vinafélagið var stofnað 21. febrúar 2015 rifjaði Margrét Jóna Ísleifsdóttir, sem nú er 95 ára, upp veturinn 1941 þegar hún var vetrarlangt í Múlakoti til að kenna heimasætunum Lilju og Fjólu, sonardætrum Guðbjargar Þorleifsdóttur og Túbals Magnússonar.

Margrét Jóna sagði:

„Eftir hádegi þá var það mjög venjulegt að Guðbjörg tók fram stóra röndóttu trefilinn sinn og þá vissi maður alveg hvað til síns friðar heyrði, þá átti að fara út og hreyfa sig. Þannig var hún langt á undan sinni samtíð eins og bara á öllum

sviðum. Þessi kona sem mér finnst hafa stjórnað öllu hún þurfti aldrei að hækka róminn en það sem hún sagði voru lög og eftir því var farið.“

Við komum hér saman í dag í Guðbjargargarði við gamla bæinn í Múlakoti til að minnst 150 ára afmælis Guðbjargar en hún fæddist 27. júlí 1870 og andaðist 8. júlí 1958.

Dagskrá athafnarinnar sýnir að mörgum er ljúft að heiðra minningu Guðbjargar. Okkur er sannur heiður að því að Þórdís Kolbrún Reyk fjörð Gy l fadóttir ráðherra ferðamála er meðal þeirra sem flytja ávörp. Fyrir okkur sem stöndum að endurreisn hér vakir að húsin nýtist sem safn og minningarstaður um þá þjónustu sem gestir og gangandi nutu hér, safn um upphaf íslenskrar ferðaþjónustu. Samband sunnlenskra kvenna hefur látið sér annt um minningu Guðbjargar og hér talar Elínborg Sigurðardóttir formaður sambandsins [Elínborg færði frú Sigríði Hjartar í Múlakoti 50.000 kr. til uppbyggingarinnar]. Að ávarpi hennar loknu tekur til máls Jón Kristófer Arnarson garðyrkjufraeðingur, verkefnastjóri hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og flytur kveðju skólans og Garðyrkjufélags Íslands. Án aðstoðar nemenda skólans væri Guðbjargarður ekki eins glæsilegur og við sjáum hann nú.

Lokaávarpið flytur séra Sváfnir Sveinbjarnarson fyrrverandi prófastur sem á einmitt 92 ára afmæli í dag og man vel Guðbjörgu. Sr. Sváfnir var prestur á Breiðabólstað hér í Hlíðinni frá 1963 til 1998. Vil ég óska honum innilega til hamingju með daginn. [Var sr. Sváfnir fagnað með lófataki. Þegar hann gekk síðar í ræðustól var afmælissöngurinn sunginn honum til heiðurs.]

Að loknu ávarpi sr. Sváfnis segir frú Sigríður Hjartar í Múlakoti frá óbirtu ljóði sem henni barst en Magnús Haraldsson verslunarmaður á Hvolsvelli les ljóðið. [Ljóðið orti Tómas Guðmundsson, listaskáldið góða, til heiðurs Guðbjörgu og Túbal í tilefni af gullbrúðkaupi þeirra 28. júní 1943.]

Formlegri dagskrá hér í garðinum lýkur síðan á söng Maríönnu Másdóttur sem er sveitarlistamaður Rangárbings eystra árið 2019 fyrir frumkvæði sitt í söng- og tónlistarstarfi. [Í lokin lék Ísólfur Gy l fi Pálmason með henni á gítar þegar allir tóku undir með þeim og sungu: Fyrr var oft í koti kátt.]

Að lokinni dagskránni er gestum boðið að njóta kaffiveitinga og einnig að skoða gamla bæinn en í tilefni afmælisins hefur Skógasafn lánað hingað málverk eftir Ólaf Túbals sem eru í baðstofu og matsal og vefnað Guðbjargar sem sjá má í baðstofu.

Færi ég safninu fyrir bestu þakkir fyrir velvild þess og einnig þakka ég stuðning við afmælishátíðina frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Menningarnefnd Rangárbings eystra og Sláturfélagi Suðurlands (SS).

Verður nú gengið til dagskrár.